

gallerí
KLAUSTUR
2010

ANNA SIGRÍÐUR
SIGURJÓNSDÓTTIR

F L E Y



30.7. - 26.8.

Ég kom að Skriðuklaustri að sumri til fyrir tveimur árum og sá uppgröftinn og fornleifasvæðið. Staðarhaldarinn á þeim tíma útskýrði fyrir mér fornleifarannar og þær vöktu strax áhuga minn. Í framhaldinu sótti ég um að dvelja í gestaíbúð staðarins í janúar 2009. Ég valdi kaldasta og dimmasta tíma ársins því mér fannst kyrrð frostsins og kuldans ákveðin samsvörun við kyrrð þess sem grafið er í rústunum þarna. Frostið varðveitir og heldur tímanum í stillu.

Þannig að þú gengur inn í ákveðið andrúm og stemningu staðarins?

Já, þessi verk eru unnin með þær hugmyndir sem kviknuðu við dvölin, gamlir munir og beinagrindur sem tengdust uppgröftrinum eru meðal annars kveikjan að verkunum. Þarna fannst til dæmis beinagrind af óvenju hávöxnum manni. Þessi maður var líklega annars staðar frá. Stærðin var óvenjuleg sem gerir það að verkum að maður getur ímyndað sér að með þessu aðkomufólki hafi einhver spennandi og framandi viðbót bæst við þá menningu sem fyrir var. Það má segja að beinagrindin hafi verið sterk tákmynd um hringrás lífsins. Það tengist verkunum að því leyti að þau eru í þessu tilfelli einhvers konar beinagrind af fleyjum eða farartækjum. Á heildina litið finnst mér uppgröfturinn mjög merkilegur, jarðneskar leifar segja okkur sögu.

Er það á þennan hátt sem verkin endurspeglar fornleifauppgröftinn?

Já, við getum ímyndað okkur að verkin séu einhverskonar fley, þ.e. farartæki sem eru að einhverju leyti eins og beinagrindur.

Hvernig tengist sagan verkunum?

Við höldum í ýmsar hugmyndir, hefðir og trú sem í raun og veru heftir okkur, heldur okkur í ákveðnu frosti. Við getum verið eins og fornminjar að þessu leyti. Beininn varðveitast ótrúlega lengi. Líkt og hornsteinn í byggingu sem geymir teikningu og upplýsingar um bygginguna, þá getum við litið á beinin sem einhvers konar hornstein að uppruna lífsins. Við erum öll sama efni, uppruni okkar er einn og hinn sami.

Hvað áttu við með því?

Allt líf verður til úr efni sem umbreytist, við erum þessi efni, við erum alheimurinn.

Hvernig verða verkin til, skissarðu hugmyndir þínar áður en þú byrjar á verkunum?

Nei, þessi verk sem ég sýni hér eru ólík öðrum stærri verkum sem ég hef unnið. Undirbúningurinn felst meðal annars í því að ég velti fyrir mér þeim hugmyndum sem ég hef um Skriðuklaustur og þeim tilfinningum sem staðurinn hreyfir.

Er kveikjan að verkunum áhrifin frá staðnum?

ANNA SIGRÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR

Já, grunntónninn í verkunum kemur héðan en svo legg ég af stað inn í flæðið. Hugmyndin að verkunum er í raun og veru bara hismið. Þegar flæðið er komið af stað er eins og að vera komin á hraðbraut.

Hvernig veistu að þú ert á réttri leið með verkin?

Ég veit það aldrei því það er engin ein rétt leið.

Umbreytirðu verkunum oft í vinnuferlinu?

Það er misjafnt hvað þau þurfa. Stundum er einhver stífla sem losnar um síðir. En það getur tekið tíma, sum verk þurfa lengri tíma en önnur. Þú hefur allt vald í heiminum og getur skapað hvað sem er, hvernig sem er. Það má líkja þessu við það að komast inn á hraðbraut sköpunarinnar, þar sem allt er. Sköpunarkrafturinn stýrir verkinu og ég er ekki til.

Af hverju velurðu járn og grjót í þessi verk?

Þessi efni gefa möguleika á að ná fram spennu og rýmistilfinningu. Járníð getur verið létt þótt það sé í eðli sínu þungt efni. Með því að nota járn er hægt að teikna línur í rýmið, finlegar línur sem eru sterkar í eðli sínu og geta til dæmis haldið uppi þungum steinum. Steinarnir geta þá virkað sem þyngdarlausir. Teikningin sem er í raun og veru finleg og veik hefur þó í sér styrk efnisins. Það væri ógerningur að að ná fram sömu áhrifum með öðrum efnum eins og til dæmis tré.

Verkin þrjú Fley I, II og III eru ólík þótt þau hafi í sér svipaðan grunntón í efni og aðferðum, hvað sameinar þau?

Það sem er sameiginlegt með þessum verkum er hreyfingin og tilfinning fyrir rými.

Er ólík frásögn í þessu þremur verkum?

Stærsta verkið á sýningunni Fley, hefur massifari, jarðtengdari og kröftugri frásögn en hin tvö. Í því verki er mikill jarðarkraftur. Það er eins og fley sem siglir áfram og það er næstum því ekkert sem fær stöðvað það. Hin verkin eru léttari og meira svif í þeim. Þau gætu hugsanlega verið á svifi um himingeiminn.

Mér finnst eins og verkunum fylgi einhver farangur, farangur sem býr í grjótinu sem þú fléttar inn í stálið – hvað segirðu um það?

Já, steinarnir eru einhvers konar farþegar, eins og við erum farþegar í okkar fleyjum eða líkðum. Og grjótið er jörðin, jörðin er okkar fley, jörðin er eitt af óteljandi sandkornunum í alheiminum. Það má segja að grjótið sé ballestin sem heldur tengingunni við jörðin.

Viðtalið tók Eygló Harðardóttir myndlistarmaður í júlí 2010.



ANNA SIGRÍÐUR SIGURJÓNSDÓTTIR

myndhöggvari

Fædd 1961

MENNTUN - EDUCATION

1981–1985 Myndlista- og handíðaskóli Íslands, Reykjavík.

1986–1989 AKI - Akademie voor Beeldende Kunst, Rotterdam.

SÍÐUSTU EINKASÝNINGAR - LATEST SOLO EXHIBITIONS

2000 Ísland. Verkstæðissýning, Prófilstál, 20. - 21. maí

2001 Danmörk. Det gamle majeri Fogderup, 4. - 19. nóvember

2001 Danmörk. Holms lille Galleri, Barsmark, 19. maí - 17. júní

2001 Ísland. Café Presto, 21. júlí - 24. ágúst

2003 Danmörk. Ebeltoft Art Society, 9. - 24. ágúst

2006 Ísland. Dýrið. Saltfisksetrið í Grindavík, 6. - 21. maí.

2009 Ísland. Með tvær hendur tómar. Galleri+, Akureyri, 31. jan. - 16. feb.

2009 Ísland. Áð. Grafíksafn Íslands, 4. - 19. apríl.

SÍÐUSTU SAMSÝNINGAR - LATEST GROUP EXHIBITIONS

2002 Danmörk. Makrelsalat, Hans Falcks Hus, maí

2002 Kanada. Án ummerkja, Art nature, sýning Montreal, nóvember

2002-3 Danm. Skolernes Kunstforening, Aabenraa kredsen, sep. - apríl

2003-4 Ísland. Hótel Glymur.

2004 Danmörk. Aabenraa sygehus Kunstforening, 1. mars - 30. apríl.

2005 Frakkland. Force de la terre - Forces l'esprit. Strassbourg.

2007 Danmörk. Skagerak Sculpture Festival. Hirtshals, júlí - sept.

2008 Ísland. Samsýning hafnfirskra listamanna. Hafnarborg, mars.

2008 Danmörk. Skagerak Sculpture Festival. Hirtshals.

2009 Ísland. Saltfisksetrið í Grindavík, 12. júlí - 11. ágúst.

2010 Frakkland. Samsýning íslenskra og franska. Strassbourg.

VINNUSTOFA:

Þórkötlustaðir. Grindavík. myndhogvari@simnet.is - www.annasigrídur.com